



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Borg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
Innra mat Arnarholt.....	8
3 Innra mat Fálkaholt	11
4 Innra mat Ugluholt	12
Innra mat Lóuholts	15
5 Innra mat Spóaholt.....	17
6 Innra mat Krummaholt.....	18
7 Innra mat sérkennslu.....	20
5 Innra mat – fjöltyngd börn	22
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	23
8 Foreldrasamvinna.....	24
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24
10 Fylgigögn.....	24
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	25



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Eins undarlegt og það má vera er hægt að endurnýta opnun leikskólastjóra frá síðustu starfsáætlun: Það er skrítið skólaár að baki. Heimsfaraldur setti áfram strik í reikning leikskólahaldsins með tilheyrandi álagi á starfsfólk. Starfsaðstæður breyttust reglulega, óvissa um framhald og stuðningur við fjölskyldur og samstarfsfélaga jók á álag.

Á skólaárinu lét leikskólastjóri af störfum og aðstoðarleikskólastjóri tók við keflinu.

Barnalánið lék við nýjan leikskólastjóra og fengnir voru stjórnendur til að leysa af tímabundið þar til nýtt stjórnendateymi tók við. Er því ljóst að starfsfólk, börn og foreldrar hafa þolað mikla óvissu á skólaárinu. Það er hins vegar gæfa okkar í Borg að starfsfólkið sýnir mikla þrautseigju og heldur uppi metnaðarfullu starfi þrátt fyrir mikla óvissu og hömlur.

Eins og kom fram í greinargerð frá síðasta skólaári hafði foreldrasamstarf dalað vegna heimsfaraldarins og var það sama uppi á teningnum í ár. Markmið skólaársins 2022-2023 eru að efla samvinnu við foreldra á nýjan leik sem og að efla liðsheild starfsfólks eftir sundurliðun sem óhjákvæmilega varð vegna heimfaraldursins.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

Samkvæmt starfsáætlun síðasta árs var áætlað að auka upplýsingaflæði til starfsmanna, gera stefnur og áherslur sýnilegri í starfi, vinna með verkfærakistu KVAN og Vináttuverkefni Barnaheilla og vinna að forvörnum gegn streitu og álagi. Vegna tíðra stjórnendaskipta á seinni hluta skólaársins gafst ekki tækifæri til að vinna að þessum markmiðum á fullnægjandi hátt. Þar sem þessir þættir eru mikilvægir fyrir starfsemi leikskólans verður haldið áfram að vinna að þeim á þessu skólaári.



	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Aukið upplýsingaf læði til starfsmanna	Að starfsmenn og stjórnendur séu upplýstari um starfsemi leikskólans	Boðleiðir verðir skýrari, deildarstjóra undir reglulega, nýta workplace og gera fréttabréf	Stjórnendat ey mi og starfsfólk	Ág 22	Maí 23	Deildarstjórafundir	Að starfsfólk upplifi sig vel upplýst um hvað er á döfinni hverju sinni.
Uppeldis- og menntastarf							
Samstarf við foreldra	Auka samstarf við foreldra sem og upplýsingaf læði til þeirra. Að foreldrar séu upplýstari um stefnu og áherslur sem við vinnum með.	Senda foreldrum fréttabréf og auka sýnileika starfsins t.d. í gegnum Völu appið og Facebook síður deildanna.	Stjórnendur og deildarstjórar	Ág 22	Maí 23	Foreldrasamtöl	Að foreldrar upplifi að þeir séu upplýstari um starfið.
Vináttuverk efni Barnaheilla	Nota verkfærin sem starfsfólk hefur lært áfram í starfi.	Með því að halda áfram að senda starfsfólk á námskeið og viðhalda kunnáttu hjá þeim sem hafa farið. Nota deildarfundir og starfsdaga.	Stjórnendur, deildarstjórar og starfsfólk	Ág 22	Maí 23	Samræður á deildarfundum, sýnileika verkefnisins og gögn sem safnast með vinnu með Blæ.	Að Blær haldi áfram að vera sýnilegur í starfi og öllum kunnugur.




Verkfæraki sta KVAN	Nota verkfærin sem starfsfólk hefur lært í starfi	Með því að halda áfram að senda fólk á námskeið og viðhalda kunnáttu hjá þeim sem hafa farið. Nota deildarfundir til að vinna með verkfærakistuna.	Stjórnendur , Deildarstjórnar og starfsfólk.	Ág 22	Maí 23	Samræður á deildarfundum, sýnileika verkefnisins og gögn sem safnast með vinnu við verkfærakistuna.	Að sem flest börn skori á grænu svæði varðandi félagslega stöðu.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Liðsheild	Að starfsmenn upplifi sig sem hluta af teyminu okkar í Borg og að starfsandinn verði enn betri	Með því að hvetja til og styðja við viðburði og nýta starfsdaga til að efla liðsheildina	Stjórnendur	Ág 22	Maí 23	Umræður á deildarstjórnarfundum og deildarfundum.	Að starfsandinn sé uppbyggjandi og jákvæður.
Forvarnir gegn streitu og álagi	Að starfsmenn upplifi minna álag og streitu í starfi. Að starfsfólk hafi bjargir til að takast á við streitu og álag á heilbrigðan hátt.	Viðhalda þekkingu sem fékkst á síðasta skólaári, skilja milli vinnu og einkalífs, regluleg samtöl við starfsfólk, efla starfsandann enn frekar.	Stjórnendur	Ág 22	Maí 23	Umræður á deildarfundum, starfsmannafundum, og einstaklingssamtölum við starfsmenn. Nýta starfsdaga til að efla andann.	Að starfsfólk hlakki til að mæta í vinnu.
Innra mat							



3 Innra mat Arnarholt

Á Arnarholti voru 18 börn á aldrinum frá 1-3 ára og fjórir starfsmenn.

Skólaárið 2021-2022 gekk nokkuð vel. Vel hefur gengið að fylgja dagskipulagi deildarinnar. Á Arnarholti var unnið með alla þætti málsins eins og: orðaforða, máltjáningu, hlustun og stafabekkingu. Markvist var unnið með Lubba og læsi. Lögð var áhersla á að gera starfið með Lubba sýnilegra fyrir börnin.



Á

Arnarholti vinnum við með Blæ bangsa og öll börnin taka þátt í verkefninu. Við notum gagnatösku, með myndaspjöldum, sögum, tónlist ásamt stórum Blæ bangsa (unnið var með umhyggju, virðingu). Hvern barn á sinn litla Blæ.



Með því að vera með matsal þá var hægt að fækka borðum á deildinni. Börnum finnst gaman í matsalnum og eru börnin rólegri í matartímanum í salnum heldur en inni á deild. Það sem má bæta er að gera falletta í matsalnum með því að setja upp skreytingar.

Börnin fóru í samverustund 1x á dag. Í samverustundum vinnum við á fjölbreyttan og þroskandi hátt: syngjum, lesum, hlustum á sögur og tónlist og lærum að telja. Á hverjum degi valdir eru tveir þjónar. Börnin sem eru þjónar þann dag velja sér tilfinningaspjöld, stjórna samverustund (með að velja hvaða lög syngjum og hvaða bók við lesum). Síðasta vetur höfðum við að hafa val og vorum frekar í frjálsum leik. Starfsmenn fundu miklar framfarir hjá börnunum og sáu mikinn mun á þeim leik. Hópastarf var 2x í viku en ekki 4x eins og átti að vera (vegna manneklu). Í hópastarfi var unnið að fjölbreyttum verkefnum s.s: helst listsköpun, könnunarleikur, útinám. Börnin fóru í húsdýragarðinn þar sem þau skoðuðu öll dýrin og léku sér.

Viðburðir á Arnarholti:

Október: Bleikur dagur, bangsadagur, hrekkjavaka.

Nóvember: Baráttudagur gegn einelti, dagur íslenskrar tungu.

Desember: Rauður dagur, jólaball, jólamatur, piparkökubakstur


Janúar: Vasaljósadagur, þorramatur.

Febrúar: Dagur leikskólans, bolludagur.

Mars: Sprengidagur, öskudagur, alþjóðlegur dagur Downs.

Apríl: Alþjóðlegur dagur einhverfu.
Júní: Sumarhátíð.

Á hverjum föstudegi frá maí til ágúst voru þema dagar hjá okkur. Hvern barn valdi sér sinn eigin óskadag. Börnin komu með efni, dót að heiman sem tengdist ákveðnum óskadegi.



Lögð er mikil áhersla á samvinnu við foreldra. En út af Covid 19 gátum við ekki boðið foreldrum í fjölskyldu kaffi né aðra viðburði. Foreldraviðtölum var frestað. Við fundum mikinn mun á viðveru foreldra og söknuðum þess að geta ekki haft foreldra í miklu samstarfi með okkur eins og venja var. Lögð var áhersla á að gera dagskipulag deildarinnar meira sýnilegra bæði fyrir börn og foreldra.



Einnig er lögð áhersla á að vel sé tekið á móti börnum og foreldrum, við förum til foreldra og barns, bjóðum góðan dag og sama á við þegar barnið er sótt, við kveðjum barn og foreldra og þökkum fyrir daginn. Aðlögun gekk vel og allir voru mjög ánægðir.

Starfið gekk vel og við náðum markmiðinu að mestu leyti. Markmiðið okkar er að þróa vinnu með útiveru, að vekja áhuga barns á náttúru og umhverfi, bæta og efla samstarfið á milli deilda og að bæta reglulegum deildarfundum.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Foreldrasamstarf	Efla samstarfið eftir höftin vegna Covid	Vera með foreldrakynningar og viðtöl. Dagleg samskipti í fataklefa og upplýsingagjöf í gegnum Völu og Facebook.	Deildarstjóri og starfsfólk.	Ág 22	Maí 23	Samtöl við foreldra	Að foreldrar séu upplýstari um starfið og hafi aukin tækifæri til samstarfs.
Matsalur	Gera hann huggulegri	Skreytingar og búnaður	Deildarstjóri	Ág 22	Maí 23	Hugmyndaflugið	Að matsalurinn sé huggulegur og skapi rólegt andrúmsloft og ýti undir sjálfshjálpbarna.
Deildarfundir	Að þeir séu haldnir reglulega	Skipulagning með húsinu.	Deildarstjórar	Ág 22	Maí 23		Fundirnir eru haldnir reglulega



4 Innra mat Fálkaholt

Veturinn 2021-2022 voru mest 20 börn hjá okkur og skiptist hópurinn í 8 stráka og 12 stelpur sem dreifðist yfir 3 árganga. Það voru 4 starfsmenn á deildinni. Hópurinn var mjög fjölbjóðlegur og voru 15 börn af þessum 20, tvítyngd eða báðir foreldrar af erlendum uppruna. Með því fylgdu ýmsar áskoranir við málörvun, meðal annars einfölduðum við lögin sem við sungum til að börnin gætu betur tekið þátt í samverustundunum. Við höldum áfram að hafa flæði í kaffitímunum sem gekk svo vel að við fórum að hafa flæði í hádegismatnum líka. Það gekk mjög vel og við viljum við halda því áfram. Þegar flæðið byrjaði í hádegismatnum, var samverustundin færð fyrr á daginn og er núna eftir morgunmatinn. Það hefur reynst mjög vel. Hópastarf hefði þurft að vera skipulagðara og vantaði þess vegna uppá listsköpun og skipulagða vinnu með vináttu verkefnið og Lubba í hópastarfi. Lubbi var notaður í samverustundum en hefði mátt vera notaður meira. Vegna breytingarinnar í matsal var ekki lengur hægt að nota matsalinn sem íþróttasal og vorum við mjög dugleg að breyta innri stofunni hjá okkur í lítinn íþróttasal til að mæta hreyfipörf barnanna.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skýrara og betra hópastarf	Að börnin fái meira útúr hópastarfinu og við nýtum þau töl sem við höfum betur	Betra skipulag fyrir starfsfólk og gera það að mikilvægari part af deildarskipulaginu	Deildarstjóri	Sept 22	Maí 23	Samtöl á deildarfundum	Hversu oft næst að fara yfir það sem á að gera í hópastarfi með skráningum
Flæðislestur	Efla málörvun hjá börnunum	Setjum flæðislesturinn í skipulagið	Deildarstjóri	Sept 22	Maí 23	Samtöl á deildarfundum	Skoða framfarir í máli hjá börnum með prófum



5 Innra mat Ugluholt

Ugluholt er elsta deildin í leikskólanum en þar eru öll elstu börnin og svo höfum við verið með nokkur börn úr næsta árgangi til að fylla deildina. Á deildinni starfa 3 starfsmenn í fullu starfi, þ.e. deildarstjóri ásamt tveimur starfsmönnum.

Unnið er í hópastarfi og er börnunum skipt upp í 3 hópa eftir aldri en hópastarfið fer fram á morgnana eftir morgunsamveru og svo er frjálsi leikurinn og flæði áberandi. Við ákváðum að skipta þeim niður í tvo hópa til að ná betur að vinna með samskipti þeirra, vináttu og virðingu, lýðræði og vellíðan. Við höfum einkunnarorð leikskólans okkar að leiðarljósi í öllu starfi okkar með börnunum en þau eru: virðing-ábyrgð-umhyggja.

Yngri börnin voru mikið með jafnöldrum sínum á miðdeild. Á milli 9:15 og 10:00 voru börnin inni í innri stofu í frjálsum leik og verkefnavinnu en fóru svo eftir ávaxtastund út í garð að leika sér með jafnöldrum sínum af miðdeild, fóru saman í útinám eða léku sér inni á miðdeildinni. Rauði hópurinn vann með þemað ég sjálfur og umhverfi mitt og skapaðist mikil vinátta og virðing fyrir hvort öðru í hópnum. Unnið var með Blæ og börnin völdu bækur sem lesin var með þeim í hópastarfinu.

Eldri börnin unnu mikið með stafina, bæði bókstafi og tölustafi, notuðum Orðagull og Orðahljóð, rímispil og stafaspil, börnin leiruðu stafina sína, teiknuðu/máluðu myndir af hlutum sem eiga stafinn, léku sér með stafakubba og unnu þar oft saman að mynda nöfnin sín og orð og margt fleira unnið í gegnum leik.

Breiðholtsskóli býður einnig elstu börnunum í Vorskóla í maí. Þá fara börnin sem munu hefja nám þar um haustið í þær skólastofur sem 1. bekkingar eru í, gera þar nokkur verkefni með kennurum 1. bekkjar, fara í matsal og fá hressingu, hitta íþróttakennarana sem sýnir börnunum sundlaugina og svo fara þeir með börnin í íþróttahúsið (að auki fóru elstu börnin í íþróttahúsið vikulega allan veturinn) og gera þar nokkrar æfingar með þeim. Börnin fá líka að sjá frístundaheimilið Bakkasel.

Hörpuverkefni samvinnuverkefni tónskóla Sigursveins og elstu barna í Reykjavík. Elstu börnin okkar tóku þátt í Hörpuverkefninu eins og síðastliðin ár og var þema verkefnisins í ár **Lögin hans Ladda**. Leikskólinn hefur tekið þátt í þessu verkefni næstum frá upphafi en þar æfa börnin miserfið lög og fá svo tækifæri til að syngja lögin ásamt fleirum leikskólum á Opnunarhátíð Barnamenningarhátíðar í Eldborgarsal Hörpu.



Lýðræði barna er okkur mikilvægt og fá börnin mikið tækifæri til taka þátt í skipulagi deildarinnar og að velja sér sjálf viðfangsefni. Börnin skiptust á að vera þjónar og veðurfræðingar, völdu viðfangsefni í samverustundum og leikefni í flæði.

Við höfðum svo **Óskadaga** eftir áramót en þar fá börnin tækifæri til að velja hvernig þau vilja hafa leikskólann sinn í einn dag og við sýnum þeim virðingu og tókum þátt í þeirra óskadegi. Við starfsfólkið reynum eftir fremsta megni að uppfylla allar óskir barnanna. Í endurmati með börnunum kom fram að óskadagarnir eru mjög vinsælir. Þeim fannst einnig flestum skemmtilegast að vera þjónar og stjórna Lubbastund

Foreldrasamstarf

Við spjöllum mikið við foreldra bæði á morgnana og seinnipart dags. Allir foreldrar sýndu starfsfólkinu traust og tryggð í samskiptum. Við notum Völu til að skrá viðveru barna, hvernig þau borðuðu, sendum myndir af barninu þeirra og sendum skilaboð. Þar hafa foreldrar einnig sent allskonar skilaboð til starfsfólks, t.d. ef barnið er veikt eða kemur seinna, fer heim með öðru barni eða annað og þurfa því ekki að hringja. Deildin er með Facebook síðu þar sem helstu skilaboð eru sett inn og foreldrar minntir á það sem við erum að fara að gera, við höfðum líka tekið myndir af því helsta sem var að gerast og sett inn myndir af matnum en það eru ekki allir foreldrar að skilja matseðilinn eða átta sig á honum og var mikil ánægja hjá foreldrum með það.



UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsin g og /eða mælikvarð i sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfstæði	Að börnin séu sjálfstæðir þátttakendur í eigin lífi	Með eflingu sjálfsöryggi s og jákvæðum samskiptum	Starfsfólk deildarinnar	Ág 22	Maí 23	Deildarfundir	
Sjálfbærni	Að börn og starfsfólk sé meðvitað um nýtingu efniviðarins sem er í boði og takmarka rusl. Hugsa vel um náttúruna og ígrunda hvað fellst í því.	Með fræðslu og stuðning við hvert annað	Starfsfólk deildarinnar	Ág 22	Maí 23	Deildarfundir	



6 Innra mat Lóuholts

Á Lóuholti voru 15 börn fædd 2019-2020 á skólaárinu 2021-2022. Aðlögun gekk vel fyrir sig en við tókum á móti 12 nýjum börnum. Nýr deildastjóri tók við deildinni, tveir starfsmenn af eldri deildum færðu sig yfir á Lóuholt og tveir starfsmenn voru enn á deildinni frá árinu áður. Í nóvember tók svo annar deildastjóri við sem kláraði skólaárið og verður áfram sem deildastjóri á Lóuholti. Breytingar voru á barna hópnum þar sem tvö börn færðu sig yfir í aðra leikskóla og komu engin börn í staðin svo þau voru 13 fram að sumarfríi.

Skipulagt starf hjá okkur byrjaði almennilega í október eftir aðlögun og vorum við með skipulagðar stundir fyrir hvern og einn dag. Skiptum við vikudögunum í málörvun, lestrarstundir, hreyfingu, farið yfir liti og hugtök, listsköpun, frjálsi leikurinn, sjálfsefling og útivera. Unnið var marksvist í hópum fyrir hádegi og svo farið í útiveru ef veður leyfði, samverustund þar sem er sungið höfum við alltaf fyrir hádegismat og er svo farið hvíld að hádegismat loknum. Að lokinni hvíld vorum við með frjálsan leik fram að síðdegiskaffi en eftir það fórum við í útiveru þar sem börnin eru sótt.

Eftir áramótin fórum við í flæði með Spóaholti og Krummaholti sem er frábært fyrir börnin að læra inn á eldri deildirnar og hefur það sýnt að það auðveldar börnunum að færa sig yfir eftir sumarfrí þar sem þau þekkja umhverfið og starfsfólkið.

Við notumst við völuappið með upplýsingar til foreldra um svefn, hvernig þau borða og ef við þurfum að koma skilaboðum til hvers og eins, einnig sendum við myndir af börnunum í skilaboðum í appinu.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Ég sjálfur	Að auka orðaforða	Í gegnum leik og starf	Deildarstjóri og starfsfólk	Sep 22	Maí 23	Skráningar og umræður á deildarfundum	



7 Innra mat Spóaholt

Skólaárið 2021-2022 voru 17-18 börn á Spóaholti, þrír árgangar 2017, 2018 og 2019. Nýr deildastjóri tók við deildinni og fór svo í leyfi fyrir áramót. Mikið rót var á deildinni og starfsfólk mikið frá, deildin var deildastjóra laus í þrjár vikur þangað til deildastjóri Krummaholts (elstu deildarinnar) tók við deildinni um miðjan janúar.

Mikið samstarf var á milli Spóaholts og Krummaholts eftir áramót, við vorum með flæði milli deilda alla föstudaga þar sem yngstu börnin voru einnig með okkur.

Deildastjóri bauð upp á foreldraviðtöl í maí sem flestir foreldrar nýttu sér.

Annars var hefðbundið starf á deildinni, reynt var eftir bestu getu að fara eftir dagskipulagi og halda út hópastarfi.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



8 Innra mat Krummaholt

Skólaárið 2021-2022 voru mest 20 börn á Krummaholti, 15 börn í elsta hóp fædd 2016 og 5 í næst elsta hóp fædd 2017, tveir drengir voru með 100% stuðning.

Á deildinni voru fimm starfsmenn af þeim voru tveir sem sáu um stuðningsbörnin. Engin af þessum fimm starfsmönnum voru á deildinni skólaárið á undan svo það tók smá tíma að ná áttum og kynnast nýju skipulagi þar sem nýr deildastjóri tók við deildinni.

Mikil samvinna var á milli Krummaholts (elstu deildarinnar) og Spóaholts (miðdeildarinnar) þar sem deildastjóri Krummaholts sá um báðar deildar eftir áramót og fram að sumarfríi. Á föstudögum var alltaf flæði milli deilda og var þá yngsta deildin með í því. Það er líka búið að vera mikið samstarf milli þessara deilda bæði í matartímum og kaffitímum.

Í öllum matmálistímum vorum við með flæði í hádeginu er hlaðborð þar sem börnin bjarga sér sjálf og velja sér sæti fara svo inn á deild og bjóða næsta barni. Þetta hefur gengið vel og við erum enn að móta okkur og þróa matsalinn.

Dagskipulagið hefur gengið ágætlega, við höfum reynt að halda öllu hópastarfi gangandi þrátt fyrir mikla fjarveru starfsmanna. Elstu börnin voru í skipulögðum skólastundum fjóra daga vikunar og voru þá í orðagulli, orðahljóði og svo alls konar tölu verkefnum (stærðfræði). Alla þriðjudaga í vetur fóru elstu börnin í íþróttahúsið í Breiðholtsskóla þar sem þau fá tækifæri til að æfa sig og kynnast grunnskólanum áður en skólaganga hefst. Yngri börnin (fædd 2017) voru í hópastarfi með sama aldri á Spóaholti, í hópastarfi fara börnin í listsköpun, hreyfistund og hlutverkaleik.

Við höfum unnið markvist með Lubba í vetur og verið með stutta Lubba stund fjóra daga vikunar.

Síðastliðin vetur höfum við verið mikið að vinna með félagsfærni, flest starfsfólkið fór á námskeið hjá KVAN sem hefur reynst vel.

Eins og undanfarin ár höfum við tekið þátt í Barnamenningarhátíðinni, elstu börnin syngja í Hörpunni sem var hápunktur vetrarins. Einnig fóru öll börnin í leikhúsferðir, söfn og fleira.

Deildastjóri bauð upp á foreldraviðtöl í byrjun maí sem flestir foreldrar nýttu sér.

Barnahópurinn þetta skólaárið var flottur og yfir heildina litið skemmtilegur og krefjandi vetur af baki.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



9 Innra mat sérkennslu

Í upphafi skólaárs voru þrjú börn með átta tíma stuðning á dag og eitt barn með fjóra tíma. Börnin sem voru með átta tíma höfðu sérstakan kennara sem fóru með þeim í vinnustundir, fylgdu þeim í leik og starfi inni á deild og mættu á teymisfundi með foreldrum og öðru fagfólki eins og sérkennslustjóra og deildarstjóra úr leikskólanum og leikskólasérkennara og þroskajálfa frá miðstöð Suður og öðru fólki sem tengdust börnunum á einhvern hátt eins og sjúkrabjálfa, ráðgjafar frá Ráðgjafar- og greiningarstöðinni. Eftir áramót var sami fjöldi barna með stuðningstíma en fjölgaði síðan um einn til viðbótar frá apríl 2022. Sá stuðningur er á matmálstíma barnsins og gekk það vel.

Gerðar eru einstaklingsnámskrár með hverju barni sem fær stuðningstíma og eru námskrárnar unnar upp úr AEPS-matskerfinu sem nýtist til að meta færni barna á sex þroskasviðum: Fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili.

Öll börn á aldrinum 3 – 4 ára fara í Efi- málþroskaskimun hjá sérkennslustjóra eða hjá verkefnastjóra málörvunnar. Deildarstjóri elstu deildar í Fálkaborgarhúsi og sérkennslustjóri skima síðan elstu börnin í Hljóm-2 þar sem verið er að athuga hljóðkerfisvitund barnanna.

Börn sem tala tvö eða fleiri tungumál fara í málörvunarstund 1 x – 5x í viku og sem og börn sem ná ekki viðmiðum í Efi eða Hljóm-2. Í leikskólanum eru um 60% barna tvítyngd og er því lögð mikil áhersla á málörvun.

Helstu námsefni sem við erum að nota er eins og áður var sagt Orðagull, Orðaspjall, Lubbi, Blær, ýmiss spil og púsl.

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennsla er skipulögð af sérkennslustjóra í samvinnu við leikskólastjórnendur. Aðstæður á deildum og staða barns hverju sinni eru skoðaðar og skipulag miða við það.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	HLJÓM-2 er tekið hjá öllum börnum í elsta árgangi og Efi hjá þriggja ára. Unnið er út frá niðurstöðum. TRAS og APES er notað eftir þörfum og þá í umsjón sérkennslustjóra.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Í flestum tilfellum eru það námsgögn leikskólans en einstaka hjálpargögn keypt þegar við á.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efling málörvunnar inni á deild	Efla starfsfól k inni á deild til að örva málpros ka barnan na	Sérkennslust jóri verður inni á deild að leiðbeina starfsfólki í raun aðstæðum sem og erindi á starfsdögum .	Sérkennslust jóri	Sep t 22	Maí 23	Á deildarstjórafun dum	Að starfsfólk sé öruggara þegar kemur að málörvun og nýti sér verkfærin sem sérkennslust jóri kennir.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í hvoru leikskólahúsi fyrir sig er 25% staða sem er nýtt til málörvandi stunda með börnunum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Börn fara í einstaklingstíma og hópatíma í sérstaka málörvun. Við notum verkfærakistu KVAN, Vináttuverkefni Barnaheilla og Lubbi finnur málbein, ásamt hefðbundnu leikskólastarfi.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Lestrar- og söngstundir ásamt meðvitund um innihaldsríkar samræður og að setja orð á athafnir. Útbúnað hafa verið margar góðar loðtöflusögur.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hefur ekki verið gert markvisst, en sá sem sér um málörvunarstundir fylgist með stöðunni. Annars er stuðst við EFI, HLJÓM-2 og TRAS.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Sérstaklega hjá elstu börnunum. Einnig eru Vináttuverkefni og Lubbi finnur málbein góður vettvangur fyrir virkni barna í þáttum máls. Þessi atriði eru í sífelldri umræðu meðal starfsmanna.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
Efling málörvunnar inni á deild	Verkefnastjórar í hvoru húsi verða í auknu samstarfi við nýjan sérkennslustjóra þar sem hann er talmeinafræðingur.		Verkefnastjórar málörvunar	Sep 22	Maí 23	Í samtölum við sérkennslustjóra	

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl munu fara fram á vorönn.

Áætlað er að fræðsla starfsfólks fjalli um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, fræðsla frá Regnbogavottun Reykjavíkurborgar, flæði í matartíma, málörvun inni á deildum og annað sem er í takt við stefnu og áherslur leikskólans.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leik- og grunnskólar í Bakkahverfinu, ásamt frístund, vinna saman að þróunarverkefninu það þarf þorp... Verkefninu er ætlað að efla félagsfærni og sjálfhjálp hjá börnum hverfisins þar sem allt skóla- og frístundastarf í hverfinu tekur þátt og notar sömu verkfæri.

Eftirfarandi samstarfsáætlun hefur verið gerð milli leik- og grunnskóla í Bakkahverfi:

Tími	Viðburður
Október	Nemendur leikskóla koma og leika á skólalóð Breiðholtsskóla Leikskólabörn fara um skólahúsnæði í ratleik. 1. bekkur fer í heimsókn í leiksk. og leikur á lóðinni
Október	Val í unglingadeild hefst. Unglingar í vali í Breiðholtsskóla koma einu sinni í viku í tvo tíma í senn og kynnst starfinu á leikskólanum
Nóv. – desember Hefst á degi ísl. tungu	Fastir lestrardagar vikulega – 7. bekkur ca kl. 10:10 samráð um daga. ○ 4 deildir í Bakkaborg – 8 nemendur ○ 2 deildir í Arnarborg – 4 nemendur ○ 2 deildir í Fálkaborg - 4 nemendur
Desember	Leikskólar og 1.bekkur með skemmtun á sal í Breiðholtsskóla - Jólasöngvar í Breiðholtsskóla á aðventu (höfum samband) söngstund á sal - Jólasamvera – skemmtiatriði frá hópum og helgileikur, veitingar í lokin.
Janúar	Stjórnendafundur - skipulag samstarfs Heimsókn leikskólabarna í íþróttatíma hjá 1.bekk
Febrúar	Nemendur í 1.bekk heimsækja leikskóla og m.a. sýna hvað er í skólatöskunni.
Febrúar - mars	Leikskólabörn heimsækja skólastjóra Breiðholtsskóla og ræða um sjálfstæði, sjálfshjálp, hegðun og reglur í skólanum.
Febrúar - mars	Nemendur leikskóla koma í 4-5 manna hópum í heimsókn í Breiðholtsskóla í frímínútur, 2 kennslustundir og borða í matartímanum.
Mars	Leikskólabörn heimsækja frístundaheimilið Bakkasel
Apríl	Breiðholtsskóli býður á leiksýningar nemenda yngri deilda
Maí	Foreldrar og nemendum er boðið í Breiðholtsskóla á skólafærninámskeið. Vorskóli Leikskólabörnum boðið á vorhátíð Breiðholtsskóla Leikskólabörn koma og skoða sundlaugina.



	Leikskólabörn halda útskrift á sal Breiðholtsskóla
Ágúst	Nemendur mæta ásamt foreldrum sínum í viðtal til umsjónarkennara í upphafi skólaárs. Stjórnendafundur – skipulag samstarfs
September	Foreldrar boðaðir á seinni hluta skólafærninámskeiðs og kynningu á skólanum.

8 Foreldrasamvinna

Eins og fram hefur komið hefur samvinna við foreldra dalað í heimsfaraldri Covid-19 en þar sem ekki er lengur notast við sóttkví og einangrun gegn veirunni er einlægur vilji hjá okkur í Borg að endurvekja það góða og mikla samstarfs sem var á milli leikskóla og foreldra. Foreldraviðtöl verða á vorönn, kynningarfundir á leikskólastarfinu verður í byrjun haustsins og verður stefnt á fjölskyldukaffi á aðventunni og í vor.

Foreldrafélagið hefur nú þegar hafið samstarfið með því að bjóða upp á lesstund með Láru og Ljónsa eftir Birgittu Haukdal. Gert er ráð fyrir áframhaldandi góðu samstarfi á skólaárinu milli foreldrafélags og leikskólans.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á komandi skólaári verða skipulagsdagarnir nýttir í fræðslu fyrir starfsmenn sem er í takt við stefnur og áherslur leikskólans, starfsmannafundi og leiðir til að efla jákvæðan starfsanda í leikskólanum. Þá verða starfsdagar einnig nýttir í umræður og innra mat á starfinu.

Skipulagsdagar skólaársins 2022-2023 eru:

30. september

25. nóvember

2. janúar

6. febrúar

24. mars

12. maí

10 Fylgigögn

Umsögn foreldraráðs

Leikskóladagatal 2022-2023



10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Borg

Auður Ösp Guðjónsdóttir
Leikskólastjóri

9. nóvember 2022
Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Sigrún Guðmundsdóttir

Hafdís Ósk Baldursdóttir

Saga Ólafsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun og skóladagatal Borgar Umsögn foreldraráðs 2022-2023 Foreldra ráð hefur lesið yfir starfsáætlun Borgar. Líkt og kom fram í greinagerð leikskólastjóra þá hafði heimsfaraldurinn, stjórnendaskipti og mannavelta mikil áhrif á leikskólastarfið síðasta vetur. En þrátt fyrir þessa erfiðleika tókst starfsfólki að halda starfseminni gangandi og halda uppi flottu starfi á öllum deildum sem er mikið afrek og á starfsfólkið svo sannarlega skilið lof fyrir. Af starfsáætlun skólans má draga þá ályktun að þessir erfiðleikar hafi haft meiri áhrif á starfið í Arnaborgar megin. Innra mat fyrir síðasta skólaár liggur ekki fyrir fyrir miðdeild og elstu deild í Arnaborgar húsinu sökum mannbreytinga. Við viljum þá leggja til að stjórnendur skoði innra mat sem gert var á deildunum 2021-22 og vinni nýtt mat út frá því í samvinnu við deildarstjóra. Þetta eru gögn sem þurfa að vera til staðar í starfsáætlun



skólans svo að foreldrar, starfsfólk og deildarstjórnar séu meðvitaðir um þau markmið sem stefnt er að á komandi skólaári. Að öðru leyti er starfsáætlun samþykkt og leikskóladagatal sömuleiðis.





